



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í hátíðarkvöldverði til heiðurs forseta Grikklands  
Karolos Papoulias og  
frú May Papoulia  
Bessastöðum  
6. júlí 2006**

Virðulegi forseti Grikklands Karolos Papoulias og  
frú May Papoulia  
Heiðruðu hátíðargestir

Við fögnum hér í kvöld merjum tímamótum í sögu og samvinnu landa okkar. Í fyrsta sinn bjóðum við forseta Grikklands velkominn til Íslands og staðfestum á þann hátt vilja okkar til að styrkja enn frekar vináttu og samstöðu þjóðanna á komandi árum.

Það er við hæfi, virðulegi forseti, og einkar táknrænt að við heilsum yður og föruneysi yðar hér á Bessastöðum þar sem grískri menningu var skipað í öndvegi fyrir um tveimur öldum og þar sem sagan hefur í meira en þúsund ár mótað örlög Íslendinga.

Saga íslenskrar menningar er samofin forngrískum arfi. Á tólftu og þrettánda öld sóttu lærdómsmenn styrk og þekkingu í djúpan brunn grískra fræða sem hingað bárust um evrópska menntavegi og snemma á nítjándu öld varð elsta húsið hér á Bessastöðum helsta menntasetur landsins þar sem grísk tunga, saga og menning voru viðfangsefni nemendanna.

Meistari skólans, Sveinbjörn Egilsson, var fremstur Íslendinga á þeim velli, þýddi kviður Hómers frábærlega úr fornri tungu feðra yðar og fjölmörg önnur snilldarverk, þjálfaði hina ungu námsmenn í tungu þjóðar yðar um leið og hann gerði þá gagnkunnuga þeirri undirstöðu vestrænnar menningar, hugsunar og fræða sem þjóð yðar færði heimsbygðinni.

Frelsisandi Grikklands og frægðarljómi mótuðu fyrir tæpum 200 árum samræður lærifeðra og skólasveina í skólastofunni hér handan við

þilið og þær urðu kveikjan að nýrri von um að framtíð Íslendinga mundi færa fátækri þjóð norður í Ballarhafi aukinn rétt.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga átti rætur í hugmyndunum sem kviknuðu í samræðunum í skólastofum hér á Bessastöðum þar sem grísk áhrif voru undirstaðan og því hugsum við iðulega með þakklæti til hinna grísku strauma, andans úr grískri menningu, heimspeki, skáldskap og sögu sem varð íslenskum sjálfstæðishetjum drjúg heimafylgja í frelsissókn.

Hliðstæðurnar í arfleifð okkar eiga sér þó dýpri rætur því lýðræðishefðin, sú hefð sem Evrópa öll og reyndar veröldin í vaxandi mæli, hafa gert að sinni, býr að traustum undirstöðum sem Grikkir og Íslendingar lögðu til forna – undirstöðum sem lagðar voru í borgríkinu sögufræga sem Apenubúar, borgarar, heimspekingar, skáld og hugsuðir, gerðu að vöggju hugsjóna um afl hins frjálsa anda; undirstöður sem líka voru lagðar á Alþingi sem landnemar stofnuðu á Þingvöllum við Öxará fyrir röskum þúsund árum, lögþingi sem við upphaf byggðar varð kjarninn í þjóðarvitund og samfélagsskipan Íslendinga.

Við njótum þeirrar sérstöðu, Grikkir og Íslendingar, að varðveita í fornum frásögnum og í frægum áningarstöðum kjarnann í lýðræðishugsjón Vesturlanda sem orðið hefur draumur nærri allra þjóða heims, lýðræðishugsjón sem er framlag Evrópu í rökræðum um þróun á alþjóðavelli, einkum nú þegar kraftmiklar þjóðir stefna því að gera 21. öldina að blómaskeiði lýðræðis í öllum álfum.

Akrópolis og Þingvellir eru tákn og áminning um að glata ekki erindinu – og á morgun munuð, þér virðulegi forseti og frú May Papoulia, koma til Þingvalla og verða fyrsti forseti Grikklands sem stendur á fornum þingstað og sú sögulega stund er okkur öllum fagnaðarefni.

Þjóðir okkar eiga sannarlega ríkulegan efnivið sem nýtast mun vel í framtíðinni; samvinna okkar hvílir á margþættum stöðum.

Við höfum verið bandamenn í NATO og tekið virkan þátt í að móta viðbrögð við nýjum kröfum um öryggi og friðargæslu.

Við njótum hagræðis af samvinnunni sem þróast hefur í Evrópu á undanförunum áratugum. Evrópska efnahagssvæðið og Schengen samkomulagið tengja Ísland við Evrópusambandið og auðvelda almenningi og athafnamönnum að njóta ávaxtanna af vaxandi tengslum.

Afurðir sjávarins hafa lengi verið burðarás í viðskiptum okkar og þér sáuð fyrr í dag hvernig íbúar í öflugum útvegsbæ byggja afkomu sína meðal annars á vinsældum saltfisksins í landi yðar. Sjómenn og fiskverkafólk í Grindavík og öðrum íslenskum byggðum hafa ávallt

kappkostað að senda góða vöru heim til Grikklands. Líflegar samræður sem ég átti við gríska fiskkaupmenn og reyndar húsmæður einnig á matvælamarkaðnum í Apenu gáfu til kynna hve saltfiskurinn er þar mikils metinn.

Nú hafa íslenskir athafnamenn lagt grunn að víðtækri samvinnu við grísk fyrirtæki á fleiri sviðum, einkum með markaðssókn í Mið- og Suður-Evrópu í huga. Þeir líta á Grikkland sem ákjósanlega miðstöð í suðri fyrir samvinnu í nýjum greinum því þaðan er hægt að nýta tækifærin sem breytingarnar í efnahagslífi nágrannaríkjanna hafa skapað. Samvinna þvert yfir Evrópu á nýrri öld skapar tækifæri til öflugrar sóknar.

Slík samvinna í fjarskiptum, upplýsingatækni, verslun, fjármálastarfsemi og fleiri greinum getur rennt öflugum stöðum undir tengsl þjóða okkar í framtíðinni.

Það var vísbending um tækifærin sem nú blasa við að borgarstjóri Reykjavíkur skyldi helga hádegisverðinn, sem hann hélt yður til heiðurs, nýjum straumum í viðskiptum Grikklands og Íslands og reykvískum fyrirtækjum sem nú eiga starfsvöll víða um veröld.

Virðulegi forseti, Karolos Papoulias og frú May Papoulia.

Það er okkur Íslendingum sérstök ánægja að fagna yður hér í kvöld og mér er persónulega mikils virði að geta í samræðum okkar rifjað upp góðar minningar frá samvinnu minni við Andreas Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, og aðra gríska ráðamenn þegar ég fyrir um tveimur áratugum efndi ásamt nokkrum ungum þingmönnum frá Evrópu, Asíu og Ameríku til samstarfs sex þjóðarleiðtoga úr fjórum heimsálfum í því skyni að draga úr spennu kalda stríðsins og hamla gegn vígbúnaðarkapphlaupinu sem ógnaði framtíðaröryggi jarðarbúa.

Samræðurnar sem ég átti þá í fjölmörgum heimsóknum til Apenu voru mér uppspretta reynslu og þekkingar sem ég hef metið mikils og ég veit að vináttan við Andreas var yður, virðulegi forseti, einnig einkar dýrmæt enda samvinna ykkar bæði náin og góð.

Það er mér afar kært að minnast og þakka hér í kvöld fyrir þá leiðsögn sem samvinnan við mikilhæfan forystumann þjóðar yðar færði mér á yngri árum. Andreas sýndi hverju hugrekki og nýjar áherslur geta skilað og engu skiptir hvort þjóðin sem að baki leiðtogunum býr er stór eða smá.

Heimsókn yðar er mér því margþætt gleðiefni og umfram allt sönnun þess að saman ganga Grikkir og Íslendingar til móts við nýja tíma

staðráðnir í að styrkja enn frekar vináttuböndin sem skila munu þjóðum okkar fjölþættum ávinningum.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Grikklands Karolos Papoulias og frú May Paopulia og til heilla samfylgd okkar um alla framtíð.